

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Vogum, 10.01.2018
1709021 AE

**Tillaga um sérreglur Sveitarfélagsins Voga vegna úthlutunar
byggðakvóta fiskveiðiársins 2017 - 2018**

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2018 að leggja til svohljóðandi sérreglur vegna úthlutunar byggðakvótans:

”Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið starfestir samkvæmt 2. & 3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 201 – 31. ágúst 2017.”

Virðingarfyllst,

Ásgeir Eiríksson,
bæjarstjóri